

22. nóvember 2024.

Mál nr. 3/2024

## Áfrýjunardómstóll ÍSÍ.

Ragnar Sverrisson

gegn

Dansípróttasambandi Íslands

Með bréfi dagsettu 9. október 2024 krafðist áfrýjandi, Ragnar Sverrisson að úrskurði dómstóls ÍSÍ frá 9. október sl. um að vísa frá máli félagsins gegn stefnda, Dansípróttasambandi Íslands yrði felldur úr gildi. Þá er gerð krafa um greiðslu málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir dómstól ÍSÍ og Áfrýjunardómstól ÍSÍ.

Mál þetta var dómtekið 15. nóvember 2024 eftir að aðilar höfðu gert grein fyrir sjónarmiðum sínum ýmist skriflega eða bæði munnlega og skriflega.

Málavextir eru þeir að stefndi hafnaði beiðni áfrýjanda um útgáfu WDSF skirteinis (World Dance Sport Federation) með tölvupósti með vísan til þess að „ekki þykir við hæfi eftir sí endurteknar ásakanir á þínar hendur um brot á bæði siðareglum DSÍ sem og ÍSÍ að hafa þig innan okkar vébanda eða á viðburðum sem við stöndum að“.

Áfrýjandi óskaði eftir endurskoðun á ákvörðuninni, auk upplýsinga ásamt rökstuðningi fyrir ákvörðuninni og fundargerð þess fundar þar sem ákvörðunin var tekin. Í gögnum málsins liggja fyrir gögn sem sýna að kærandi leitaðist við að afla upplýsinga um grundvöll ákvörðunarinnar og endurskoðun hennar og fékk þau svör frá stefnda að búast mætti við svári við fyrsta tækifæri. Erindin voru ítrekuð og þau svör sem bárust við þeim ítrekunum frá stefnda voru á þá leið að verið væri vinna þetta eins hratt og hægt væri og vonast væri til að geta sent svör á næstu vikum. Engin svör bárust.

Áfrýjandi kærði ákvörðun stefnda til Dómstóls ÍSÍ með kæru sem móttækin var 8. október 2024. Með úrskurði 9. október í máli nr. 7/2024, var málinu vísað frá dómi með vísan til þess að kærufrestir væru útrunnir samkvæmt gr. 24.1. í lögum ÍSÍ.

Þegar um er að ræða ákvarðanir um ótímabundna útilokun frá þátttöku verður að gera þær kröfur að slík ákvörðun sé skýr um hvaða atvik það séu sem valdi slíkri útilokun, á hvaða lagagrundvelli slík ákvörðun sé tekin, hvernig fari með endurskoðun hennar og kærufresti. Þó ekki séu gerðar sömu kröfur og fram koma í stjórnsýslulögum er eðlilegt að gefa viðkomandi kost á því að koma fram sínum sjónarmiðum áður en slík íþyngjandi ákvörðun er tekin.

Kærufrestir samkvæmt lögum ÍSÍ og aðildarfélaganna innan ÍSÍ eru almennt stuttir sem styðst við þau rök að oft lúta lögvarðir hagsmuni af því að útiloka keppanda tímabundið frá þátttöku yfir tiltekið tímabil eða einstaka leiki, sem oft er þá einfaldlega lokið áður en sjö daga kærufrestur líður eða

a.m.k. áður en endanleg niðurstaða dómstóla liggur fyrir. Málsmeðferðarreglur taka mið af þessu. Þegar verið er að útiloka keppanda til framtíðar eiga ekki við sömu sjónarmið, enda gera lög ÍSÍ ráð fyrir því að hægt sé að höfða mál eftir að kærufrestur er liðinn ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

Í því máli sem hér um ræðir verður að fallast á þau rök áfrýjanda að verulega skorti á það að umrædd ákvörðun stefnda sé formgerð með þeim hætti að hún geti haft þau réttaráhrif að frestir til að kæra hana byrji að líða. Eftirfarandi samskipti aðila eftir að umræddur tölvupóstur var sendur, rökstyðja enn frekar þá niðurstöðu. Með vísan til þessa verður hinn kærði úrskurður felldur úr gildi og lagt fyrir dómstól ÍSÍ að taka málið til efnislegrar meðferðar.

Málskostnaður verður ekki dæmdur.

#### Úrskurðarorð

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi.

Málskostnaður er ekki dæmdur.



Helga M. Óttarsdóttir

  
Helgi Sigurðsson



Hulda Árnadóttir